

FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Þriðjudaginn 20. janúar 2009 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8⁰⁰ á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Halldór G. Ólafsson, Sigríður Gestsdóttir, Erla Jónsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Fjárhagsáætlun 2009

Fyrir fundinum lágu drög að fjárhagsáætlun 2009 til fyrri umræðu sem oddviti og sveitarstjóri kynntu. Gert er ráð fyrir að skatttekjur sveitarsjóð lækki lítillega milli ára miðað við endurskoðaða áætlun Eins og drögin lágu fyrir var gert ráð fyrir að rekstur aðalsjóðs verði jákvæður en niðurstaða B-hluta verði neikvæð. Miklar umræður urðu um áætlunardrögin og lagðar til breytingar við áætlunina og sveitarstjóra falið að vinna hana í samræmi við þær tillögur og leggja fyrir sveitarstjórn til annarrar umræðu.

2. Bréf:

a) *Nes listamiðstöðvar, 15. janúar 2009.*

Í bréfinu er greint frá stöðu listamiðstöðvarinnar og kynntar hugmyndir um aukningu á starfsemi. Þá er í bréfinu óskað eftir rekstrar- og stofnframlagi fyrir listamiðstöðina. Miklar umræður urðu um rekstur og stöðu listamiðstöðvarinnar og m.a. kom fram að í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir stuðningi við reksturinn. Ekki voru gerðar tillögur um frekari framlög á þessu stigi.

b) *Skipulagsstofnunar, 7. janúar 2009.*

Bréfið er svar Skipulagsstofnunar við ósk um kostnaðarframlag úr Skipulagssjóði vegna aðalskipulagsgerðar. Í bréfinu kemur fram að Skipulagsstofnun lítur ekki svo á að sveitarfélagið falli undi 4. tl. 34. gr. skipulags- og byggingarlaga um aukna kostnaðarhlutdeild. Hins vegar er fallist á að greiða helming kostnaðar við gerð aðalskipulags sveitarfélagsins.

Bréfið var til kynningar og niðurstöðu þess vísað til fjárhagsáætlunargerðar.

3. Fundargerðir

a) Hafnarnefndar, 29. desember 2008.

Fundargerðin var samþykkt.

b) Stjórnar Félags- og skólaþjónustu A-Hún, 9. janúar 2009.

Meðfylgjandi fundargerðinni var fjárhagsáætlun byggðasamlagsins.

Fundargerðin var til kynningar og ekki gerðar athugasemdir við fjárhagsáætlunina.

c) Stjórnar Tónlistarskóla A-Hún, 22. desember 2008.

Fundargerðin var til kynningar.

Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

d) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 12. desember 2008..
Fundargerðin var til kynningar.

4. Önnur mál.

Umræður urðu um ýmis málefni en ekki gerðar ákveðnar ályktanir.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 12¹⁰

Adolf H. Berndsen

Birna Sveinsdóttir,

Halldór G. Ólafsson

Sigríður Gestsdóttir

Erla Jónsdóttir

Magnús B. Jónsson.